

um þóknun fyrir starfa sinn við póstafréðsluna, og hafið þér jafnframt farið fram á, að honum verði veitt 6 rd. þóknun á ári fyrir ómak sitt.

1870.
17. júní.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, að stjórnarráðið eptir málavöxtum fellst á, að þorvaldi presti Ásgeirssyni verði í þessu skyni veittir 4 rd. á ári frá 1. aprílm. þ. á., og skulu þeir greiddir af því fê, sem ætlað er til póstferða í norður- og austurumdæminu; hefir stjórnarráðið í dag skrifað landfógetanum, að borga þessa upphæð úr jarðabókarsjóðnum.

48. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamt- mannsins og biskupsins yfir Íslandi, um burt- fararpróf skólasveina í Reykjavík, sem segja sig úr skóla.

21. júní.

Með bræfi, dagsettu 14. októbrm. f. á., hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, sent hingað skjal nokkurt, þar sem skólameistari hins lærða skóla í Reykjavík, Jens Sigurðsson, ber upp þá fyrirspurn, hvort það sé leyfilegt, að skólasveinar, sem hafa setið í 3. bekk B. og svo sagt sig úr skóla og notið heimakennslu, gangi undir síðara hluta burtfararprófs við skólann áður en tvö ár eru liðin frá því þeir sögðu sig úr skóla, og hvernig eigi að fara með þá lærisveina, sem sömuleiðis, er þeir hafa setið í 3. bekk B., en ekki eru fluttir upp í 4. bekk, segja sig úr skóla uppá eitt ár, og síðan njóta heimakennslu og sækja svo um að ganga undir próf við skólann og komast í 4. bekk, til þess að útskrifast, þegar þeir hafa setið þar eitt ár.

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, hafið getið þess, að ekki virðist þörf á sérstaklegum ákvörðunum um hið síðara atriði spurningarinnar, er það sé á valdi kennaranna að gjöra út um það við inntökuprófið, hvort lærisveini þeim, sem í hlut á, verði veitt þessi undanþága, hafið þér aptur á móti farið þess á leit, að stjórnarráðið ákveði það, að lærisvein-

1870.

21. júní.

um, sem segja sig úr skóla, er þeir hafa setið í 3. bekk B. og gengið undir fyrra hluta burtfararprófs, ekki verði leyft að ganga undir síðara hluta burtfararprófsins fyrir en eftir tveggja ára undirbúning, en að samt verði veitt skólastjórninni vald til að stytta þenna tíma til eins árs, ef skólameistari mælir með því, og pilturinn, sem í hlut á, er iðinn og efnalitill.

Um þetta mál hefir stjórnarráðið leitað álits kennslu-umsjónarmanns hinna lærðu skóla, og gefst yður til vitundar, til leiðbeiningar og svo þér kunngjörð það, að það verður eigi leyft lærisveinum, sem fara úr 3. bekk B. og eru þá ekki álitnir hæfir til að verða fluttir upp í 4. bekk, að ganga undir síðara hluta burtfararprófs fyrir en tvö ár eru liðin frá því að þeir fóru úr skóla. En að því er snertir hina síðari spurningu, þá verður stjórnarráðið að vera yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, samdóma í því, að það er á valdi skólans, að gjöra þá apturreka við inntökuprófið, sem ekki verða álitnir fullkomlega undirbúnir til þess að fylgja kennslunni í bekknum og hafa not af henni; svo verður og stjórnarráðið að vera yður einnig samdóma í því, að það sé óleyfilegt, að halda próf fyrir þá á öðrum tímum en þeim, er hin reglulegu próf fara fram.

21. júní.

49. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um endurgjald kornláns.

Í bréfi, dagsettu 21. febrúarm. þ. á., hafð þér, herra amtmáður, sókt um, að frestur verði veittur til 31. desembr. þ. á. á borgun fyrir 10 tunnur af korni, sem þér hafð keypt fyrir Jóns Sigurðssonar legatið til útbýtingar handa fátæklingum í Eyjafjarsýslu af þeim kornfarmi, sem með ráðstöfun stjórnarráðsins var fluttur til Hofsóss haustið 1867, með því skilyrði, að verð kornsins með vöxtum verði endurgoldið innan 31. desembr. s. á. Útaf þessu er yður hère með til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þér kunngjörð það, að, þaræð stjórnarráðinu